



A 1699/kultur

Flytjandi:
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00285-2

Þingmannatillaga um norræna námsstyrki fyrir nemendur utan ESB

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að stofna sameiginlegan norrænan styrkjasjóð fyrir nemendur frá
löndum utan ESB.

Forsaga

Æðri menntun verður æ mikilvægari þáttur í hnattrænni samkeppni. Æ fleiri lönd veðja á menntakerfi sín og fjöldi nemenda sem stunda nám erlendis fer vaxandi. Heildarfjöldi nemenda í heiminum sem stunda nám erlendis mun vera allt að þrjár milljónir. Nemendur þessir eru mikilvægur hluti af færnisauðlind framtíðarinnar.

Háskólar á Norðurlöndum finna fyrir harðri samkeppni einkum frá bandarískum háskólum. Ein ástæðan er sú að norrænir háskólar geta ekki boðið upp á næga styrki fyrir gott námsfólk frá löndum utan ESB.

Einkum tvær ástæður eru fyrir því að erlendir nemendur velja háskóla annars staðar en á Norðurlöndum. Í fyrsta lagi eru góð styrkjakerfi í öðrum löndum fyrir nemendur sem greiða skólagjöld, en sams konar kerfi á Norðurlöndum eru mun takmarkaðri. Bandarískir námsstyrkir eru til dæmis víðtækari en styrkir sem norrænir háskólar bjóða upp á. Í öðru lagi bjóðast nemendum í mörgum öðrum löndum mun betri atvinnumöguleikar að námi loknu. Þjóðverjar og Hollendingar bjóða t.d. upp á dvalarleyfi í allt að 6–12 mánuði að prófi loknu á meðan Svíar krefjast þess að nemendur hafi fengið ráðningu áður en námi er lokið til þess að geta fengið dvalarleyfi.

Varðandi skólagjöld og umsýslu þeirra þurfa háskólarnir að finna nýjar fjármögnunarleiðir hið fyrsta en einnig til lengri tíma lítið. Fyrst um sinn

verður erfitt að finna nægjanlega fjármögnun til að geta boðið upp á þá alhliða styrki sem þarf til að laða að nægjanlegan fjölda nemenda. Varðandi samstarf norrænna háskóla og norrænt rannsóknasamstarf myndi borga sig að vinna að sameiginlegu styrkjakerfi og gefa háskólunum kost á að sækja um fjármögnun styrkja gegnum norrænt samstarf.

Norræna meistaranámsáætlunin hófst sem svonefnt hnattvæðingarverkefni árið 2007 en nú liggur fyrir tillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um að halda henni áfram. Markmið áætlunarinnar er að styrkja stöðu norrænna háskóla í alþjóðlegri samkeppni og efla vörumerki Norðurlanda. Flokkahópur miðjumanna telur að næsta skrefið í þá veru eigi að vera að Norðurlöndin þrói styrki til að laða að nemendur frá löndum utan ESB til Norðurlanda og/eða hanna n.k. félagsmálapakka til að mæta þörfum nemenda og geta vegið að einhverju leyti upp á móti námsstyrk.

Vörumerki Norðurlanda fjallar meðal annars um að setja stöðu norrænna háskóla í heiminum í forgang. Með sameiginlegu styrkjakerfi til að laða að metnaðarfulla nemendur frá löndum utan ESB marka Norðurlönd stöðu sína sem svæði með háu þekkingarstigi og mikilli eftirspurn eftir fjölhæfu vinnuafli.

Helsinki, 14. október 2016

Anna-Maja Henriksson (sv)
Arto Pirttilahti (cent)
Britt Lundberg (ÅC)
Eva Kjer Hansen (V)
Hanna Kosonen (cent)
Jan Lindholm (MP)
Jenis av Rana (Mfl.)
Johanna Karimäki (gröna)
Katri Kulmuni (cent)

Krista Mikkonen (gröna)
Lars Tysklind (L)
Mikael Staffas (Lib)
Mikko Kärnä (cent)
Penilla Gunther (KD)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Ruth Vang (Framsókn)
Staffan Danielsson (C)
Tillie Martinussen (D)

Norðurlandaráð

A 1699/kultur

Flytjandi:
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og
menningarnefndin

Málsnúmer: 16-00285-2